



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG

Trúnaðarmannaráðsfundur 10. september 2024

Velkomin á fund trúnaðarmannaráðs

Vinsamlega stilla mikrófón á “mute”



Hafa ekki kveikt á myndavél



Rétta upp hönd ef þú vilt tala



Þegar þú færð orðið opnar þú mikrófón



og opnar fyrir mynd



Dagskrá

1. Fundur settur, Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
2. Sex mánaðar uppgjör félags- og orlofssjóðs Sameykis
3. Kosning fulltrúa Sameykis á BSRB þing.
4. Jenný fer yfir dóm um ferðatíma
5. Samantekt á vinnu trúnaðarmanna á fundi 17.4 um fyrirkomulag fund og starfs trúnaðarmanna
6. Könnun meðal félagsfólks
7. Önnur mál.

Sex mánaðar uppgjör félags- og orlofssjóðs

Trúnaðarmannaráð
10. september 2024

Rekstrarreikningur félagssjóðs 1.1.-30.6.2024

	Skýringar	1.1-30.6.24	2023
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld	2	<u>396.634.702</u>	<u>742.475.906</u>
		396.634.702	742.475.906
Rekstrargjöld			
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	3	158.801.532	291.609.254
Bifreiðastyrkir	4	949.796	3.227.170
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	59.324.454	106.682.690
Félags- og útgáfustarfsemi			
Fundir, námskeið og félagsstarf	6	13.410.227	25.326.180
Útgáfustarfsemi og kynningarmál	7	22.750.030	30.664.965
Kjörgögn og kjarasamningar	8	0	0
Annar kostnaður			
Rekstrarkostnaður fasteigna	9	18.308.665	40.959.224
Félagsgjald til B.S.R.B	10	91.297.409	166.556.893
Fyrningar	12	<u>6.541.629</u>	<u>13.083.261</u>
		371.383.742	678.109.637
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		25.250.960	64.366.269

Rekstrarreikningur félagssjóðs 1.1.-30.6.2024

	Skýringar	1.1-30.6.24	2023
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	11	8.550.780	12.268.319
Fjármagnsgjöld		(840.595)	(58.874)
		<u>7.710.185</u>	<u>12.209.445</u>
Afkoma fyrir lífeyrisskuldbindingar		32.961.145	76.575.714
Breyting lífeyrisskuldbindinga	18	(15.569.570)	(46.103.619)
Afkoma ársins		<u>17.391.575</u>	<u>30.472.095</u>

Efnahagsreikningur félagssjóðs Sameykis 30. Júní 2024

Eignir	Skýringar	30.6.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Fasteignir	12	449.712.052	454.476.494
Áhöld og búnaður	12	10.362.970	12.140.157
		<u>460.075.022</u>	<u>466.616.651</u>
Langtímakröfur			
Verðbréf	13	284.167.008	275.616.228
Aðrar eignir	14	3.075.087	3.075.087
		<u>287.242.095</u>	<u>278.691.315</u>
Fastafjármunir samtals		747.317.117	745.307.966
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld	2	173.047.205	164.316.791
Ýmsir viðskiptamenn	15	98.146.158	161.348.427
		<u>271.193.363</u>	<u>325.665.218</u>
Handbært fé	16	92.356.631	26.856.843
		<u>92.356.631</u>	<u>26.856.843</u>
Veltufjármunir samtals		363.549.994	352.522.061
Eignir samtals		<u>1.110.867.111</u>	<u>1.097.830.027</u>

Efnahagsreikningur félagssjóðs Sameykis 30. Júní 2024

	Skýringar	1.1-30.6.24	2023
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	17		
Hrein eign		417.789.438	400.397.863
		<u>417.789.438</u>	<u>400.397.863</u>
Langtímaskuldir			
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	18	534.555.239	518.985.669
		<u>534.555.239</u>	<u>518.985.669</u>
Skammtímaskuldir			
Ýmsar skammtímaskuldir	19	40.456.196	37.341.472
Áfallið orlof		47.775.940	41.548.546
Ógreiddur kostnaður	20	70.255.298	99.556.477
		<u>158.522.434</u>	<u>178.446.495</u>
Skuldir samtals		693.077.673	697.432.164
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.110.867.111</u>	<u>1.097.830.027</u>

Rekstrarreikningur Orlofssjóðs Sameykis 1.1.-30.6.2024

	Skýringar	1.1-30.6.24	2023
Rekstrartekjur			
Iðgjöld í orlofssjóð	8	229.680.138	432.436.171
Leigutekjur orlofshúsa	9	50.393.150	84.416.750
Orlofshús til endurleigu, ferðaávisanir ofl	10	<u>120.476.014</u>	<u>209.198.164</u>
		400.549.302	726.051.085
Rekstrargjöld			
Rekstur orlofshúsa	11	126.386.442	236.897.073
Orlofshús til endurleigu, ferðaávisanir ofl	10	146.744.935	265.242.355
Tap vegna sölu fastafjármuna		838.434	10.725.290
Fyrningar orlofshúsa og húsbúnaðar	4	<u>22.298.028</u>	<u>44.169.455</u>
		296.267.839	557.034.173
Rekstrarafgangur fyrir fjármangliði		104.281.463	169.016.912
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	3	21.492.964	24.843.877
Fjármagnsgjöld		<u>(1.197.835)</u>	<u>(2.907.038)</u>
		20.295.129	21.936.839
Afkoma ársins		<u>124.576.592</u>	<u>190.953.751</u>

Efnahagsreikningur Orlofssjóðs Sameykis 30. Júní 2024

	Skýringar	30.6.2024	31.12.2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Orlofshús	4	1.216.059.367	1.171.683.510
Áhöld og búnaður í orlofshúsum	4	20.130.287	23.198.819
Bifreið	4	7.376.075	0
		<u>1.243.565.729</u>	<u>1.194.882.329</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld		51.092.938	41.270.946
Óinnheimtar leigutekjur		1.521.617	3.008.850
Félagssjóður		20.198.613	12.223.716
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	5	1.106.975	31.651.500
Verðbréfaeign	12	541.528.354	520.035.390
		<u>615.448.497</u>	<u>608.190.402</u>
Handbært fé		132.037.006	57.244.323
		<u>132.037.006</u>	<u>57.244.323</u>
Veltufjármunir samtals		747.485.503	665.434.725
Eignir samtals		<u>1.991.051.232</u>	<u>1.860.317.054</u>

Efnahagsreikningur Orlofssjóðs Sameykis 30. Júní 2024

	Skýringar	1.1-30.6.24	2023
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6		
Hrein eign		<u>1.939.892.453</u>	<u>1.815.315.861</u>
		1.939.892.453	1.815.315.861
Langtímaskuldir			
Vinnudeilusjóður, skuldabréf	7	26.613.676	27.325.680
Næsta árs afborgun	7	<u>(3.136.134)</u>	<u>(3.036.186)</u>
		23.477.542	24.289.494
Skammtímaskuldir			
Ógreidd rekstargjöld og fjárfestingar		24.545.103	16.775.791
Aðrar skammtímaskuldir		0	899.722
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	7	<u>3.136.134</u>	<u>3.036.186</u>
		27.681.237	20.711.699
Skuldir samtals		51.158.779	45.001.193
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.991.051.232</u></u>	<u><u>1.860.317.054</u></u>

Kosning fulltrúa Sameykis á BSRB þing

Trúnaðarmannaráð
10. september 2024

Aðferð við uppstillingu

Stjórn Sameykis 15

Fulltrúar frá eftirtöldum landshlutum aðal/varam:

Vesturlandi, 3/1

Vestfjörðum, 2/1

Norðurlandi Vestra 2

Norðurlandi Eystra 3/1

Austurlandi 1/1

Suðurlandi 4

Reykjanesi 4/1

Kjarasamningseiningar:

Kjarasamningur – Ríkissjóðs 38/6

Kjarasamningur Reykjavíkurborgar 32/ 11

Kjarasamningur við sambandið v/ sveitarfélaganna 6/3

Kjarasamningur – SA og sjálfseignarstofnana -OR, Isavía, Fríhöfnin ofl. 26

Starfsfólk Sameykis í starfsnefndum BSRB 5

Fjöldi: 106/32

Kynjaskipting: aðalmenn 62 kvk /44 kk - varamenn 23 kvk /9 kk

Meðalaldur 46

Aðalmenn: 106

Varamenn:32

Umfjöllun um dóm Hæstaréttur nr. 52/2023

Jenný Þórunn Stefánsdóttir, lögfræðingur

Trúnaðarmannaráð
10. september 2024

Ferðatími á vegum vinnu er vinnutími

- **Málsatvik:**

- Deilt um það hvort ferðatími flugvirkja sem vann hjá Samgöngustofu og ferðaðist frá Íslandi til Ísraels og til baka annars vegar og frá Íslandi til Sádí-Arabíu og til baka hins vegar teldist vinnutími.
- Flugvirkinn hafði einungis fengið greitt fyrir dagvinnutíma á ferðalagi sínu en hafði ekki fengið greitt fyrir þann tíma sem féll utan dagvinnu.
- Krafðist flugvirkinn því viðurkenningar á því að tíminn sem hann varði í ferðir á vegum Samgöngustofu til útlanda teldist vinnutími, þ.e. frá því að hann yfirgaf heimili sitt og þar til hann kom á áfangastað og síðan öfugt á heimleiðinni.
- Leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins undir rekstri málsins um túlkun á vinnutímahugtakinu.

Framhald

- **Niðurstaða EFTA - dómstólsins:** Tíma sem varið er í ferðalög utan hefbundins vinnutíma, eins og í tilviki flugvirkjans, til **annars áfangastaðar** en **hefðbundar starfsstöðvar**, í því skyni að inna af hendi störf eða skyldur, **að kröfu vinnuveitanda**, telst vinnutími í skilningi 1. töluliðar 2. gr. tilskipunar 2003/88/EB.

Niðurstaða Hæstaréttar

- Hæstiréttur taldi íslenska ríkið ekki hafa telft fram neinum þeim rökum sem haft gætu þau áhrif að **ekki** yrði byggt á ráðgefandi áliti í málinu. Þvert á móti væri álitið í samræmi við niðurstöður í öðrum sambærilegum málum.
- Í dómi Hæstaréttar segir: „*Samkvæmt þessu yrði í samræmi við 3. gr. laga nr. 2/1993 að skýra hugtakið „vinnutími“ í skilningi 1. töluliðar 52. gr. laga nr. 46/1980 í samræmi við samhljóða ákvæði í 1. tölulið 2. gr. tilskipunar 2003/88/EB eins og það hefur verið túlkað af EFTA-dómstólnum.*“
- Ferðatími flugvirkjans í umræddum vinnuferðum á vegum Samgöngustofu taldist vinnutími í skilningi ákvæðisins.

Ályktanir út frá dómi Hæstaréttar

- Niðurstaðan byggir fyrst og fremst á sjónarmiðum vinnuvernd, sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Kerfisbreytingar, skipulagsbreytingar og aukin kostnaður fyrir launagreiðendur, sjá t.a.m. leiðbeiningar sem að ríkið hefur gefið út nýlega
- Nær til ferða innanlands og utanlands
- Skipulag ferða t.a.m. með tilliti til hvíldartími, frítökuréttur og fl.
 - Á hverjum 24 tímum þarf a.m.k 11 klst hvíld
 - Vinnudagur ekki umfram 13 klst
 - Meðalvinnutími á viku ekki umfram 48 klst.
 - Lágmarkshvíld og frítökuréttur
 - Dæmi
- Ferð lýkur þegar á dvalarstað er komið, t.d. hótél og þá hefst hvíldartími eða eftir atvikum vinnutími á öðrum forsendum
- Kann starfsfólk að eiga kröfu um leiðréttingu afturvirkkt?

Kaffihlé í 15 mín

Trúnaðarmannaráð
14. maí 2024

Samantekt úr hópavinnu um starfssemi og umgjörð trúnaðarmannaráðs

Trúnaðarmannaráð
10. september 2024

Umræðuefni á fundi í apríl

1. Hvernig viljið þið helst hafa skipulag funda og fræðslu fyrir trúnaðarmenn.
2. Hvernig er best að standa að því að styrkja tengslin milli trúnaðarmanna, stjórnar og starfsfólks Sameykis.

Fræðsla

- Setja upp námskeiðsgátt og setja þar inn upptökur af fræðsluefni.
- Nýliðanámskeið að hausti fyrir trúnaðarmannaráðsfund.
- Skilgreina vel út á hvað námskeið gengur.
- Að fræðsla trúnaðarmann sé þjappað saman í færri námskeið.
- Hafa fræðslumorgna, þar sem starfsfólk Sameykis er kynnt.

Trúnaðarmannaráðsfundir

- Flestir hópar vildu hafa einn til tvo stóra sameiginlega fundi á önn og minni fundi út frá hagsmunahópum s.s. eftir atvinnurekanda eða vakta/dagvinna.
- Halda áfram að vera með fundi bæði á stað og á fjarfundi
- Gott að hafa vinnufundi
- Gestafyrirlesara með góðri fræðslu
- Of mikið af upplýsingar á fundum

Þátttaka trúnaðarmanna og tengsl

- Senda trúnaðarmönnum könnun til að greina hvers vegna trúnaðarmenn mæti ekki á fundi.
- Skrá mætingu og hafa samband við þá sem mæta ekki á fundi
- Senda sms ca. 2 dögum fyrir fund.
- Margir í erfiðleikum með að komast frá vinnu á fundi
- Upplýsingapóstur mál sem brennur á hverju sinni.
- Netspjall um sérstök málefni.
- Hafa smærri fundi með trúnaðarmönnum. Ávinningur af því væri að efla trúnaðarmenn til samstarfs og jafningjaráðgjafar.
- Að hafa hópaskiptingar inn á fésbókarsíður trúnaðarmanna.

Upplýsingargjöf

- Setja hnitmiðaðar upplýsingar inn á heimasíðuna sem trúnaðarmenn geta leitað í.
- Vera með spurt og svarað á vefnum.
- Samantekt funda sett í fréttabréf

Annað: Áskorun til Sameykis stofna ungmennaráð Sameykis sambærilegt við Ungmennaráð ASÍ

Stofnun ársins könnun – og málþing

Trúnaðarmannaráð
10. september 2024

Könnun starfsaðstæðna og málþing um mannauðsmál

Könnun fer af stað eftir miðjan október og stendur yfir í 6 vikur.

Við þurfum aðstoð frá ykkur til þess að **hvetja til þátttöku**.

Niðurstöður könnunar mynda niðurstöðu fyrir „Stofnanir ársins“

Þeir vinnustaðir sem ná ekki lágmarkspátttöku komast ekki á lista.

Skilyrði fyrir þátttöku er lágmarks starfshlutfall og starfstími

Öllum trúnaðarmönnum er boðið á málþing og hátíðina Stofnun ársins, sem verður **13. febrúar 2025- Takið daginn frá!**

Af hverju Stofnun ársins?

- Eitt af markmiðum Sameykis er að bæta starfsumhverfi félagsfólks, efla starfsþróun þess, styðja við stjórnendur í að vinna að umbótum á starfsumhverfinu og auka starfsánægju.
- Niðurstöðurnar veita stjórnendum greinargóðar upplýsingar um aðbúnað og líðan starfsfólks og sterkan grunn til að byggja á umbótastarf.
- Sá ítarlegi samanburður sem fæst úr Stofnun ársins við aðrar starfsstaði eða stofnanir og fyrri mælingar, gefa greinargóðar upplýsingar um stöðu mála, staðfestingu á því sem vel er gert í starfsmannamálum og/eða hvatningu til að gera betur.

Önnur mál

Trúnaðarmannaráð
10. september 2024

Takk fyrir komuna á fundinn!

**Trúnaðarmannaráð
10. september 2024**